

Nr.

## Samþykkt um þátttöku lóðarhafa í greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akureyri

### 1. gr.

Lóðarhöfum er skylt að gera grein fyrir fjölda bifreiðastæða á lóð þegar sótt er um byggingarleyfi. Tilskilinn fjöldi bifreiðastæða á lóð skal ákveðinn í deiliskipulagi eða skipulags- og byggingarskilmálum, en sé svo ekki gilda eftirtaldar reglur: 1 bifreiðastæði skal vera fyrir hverja 50 ferm. í atvinnuhúsnæði, 2 stæði á hverja íbúð stærri en 80 fermetra, 1,5 stæði fyrir hverja íbúð 50 – 80 fermetra og 1 stæði á íbúð minni en 50 fermetra. Miða skal við nettóflatarmál íbúða. Skipulagsráð getur ákveðið sérstaklega kröfur um fjölda bifreiðastæða þar sem sérstök þörf er á vegna eðlis starfseminnar. Geti lóðarhafi ekki uppfyllt kröfur um fjölda bifreiðastæða á lóð skal honum skylt að taka þátt í kostnaði bæjarsjóðs við gerð almennra bifreiðastæða með greiðslu bílastæðagjalds.

### 2. gr.

Bílastæðagjald greiðist fyrir þann fjölda bifreiðastæða sem á skortir til að uppfylla kröfur, sbr. 1. gr. Gjald fyrir hvert bifreiðastæði skal vera:

Fyrir bílastæði á miðbæjarsvæði kr. 1.200.000.-

Fyrir bílastæði utan miðbæjarsvæðis kr. 600.000.-

Bílastæðagjald skal breytast mánaðarlega í samræmi við byggingarvísitölu 130,2 stig í desember 2016 og greiðsla gjaldsins miðast við vísitölu á greiðsludegi.

### 3. gr.

Heimilt er að losa lóðarhafa undan kvöð um greiðslu, sbr. 1. gr., gegn því að hann útvegi tilskilinn fjölda bifreiðastæða á nærliggjandi lóðum, sbr. 9. gr. eða taki þátt í gerð bílastæðahúss.

### 4. gr.

Heimilt er að víkja frá kröfu um fjölda bifreiðastæða ef um er að ræða lagerhúsnæði eða annað sérhæft húsnæði þar sem lítil þörf er fyrir bifreiðastæði og líkur á að verði ekki notað til annarra þarfa. Byggingarfulltrúi skal í slíkum tilvikum leita samþykkis skipulagsráðs áður en til afgreiðslu byggingaráforma kemur. Skal hinn sérhæfði hluti húsnæðis, sem undanþágan tekur til, metinn sérstaklega og skal fjöldi bifreiðastæða, sem honum reiknast, aldrei vera minni en 1 stæði á hverja 150 ferm.

### 5. gr.

Við útreikning á kröfum um fjölda bifreiðastæða á lóð skal miðað við nettó gólffermetra húss með þeirri undantekningu að ekki teljast með:

a) Bifreiðageymslur.

b) Kjallarar sem eingöngu nýtast sem geymslur eða tæknirými og eru niðurgrafnir á alla vegu reiknast að hluta samkvæmt mati byggingarfulltrúa.

c) Kjallararými og rishæðir með salarhæð allt að 180 cm.

### 6. gr.

Þegar eldra atvinnuhúsnæði er breytt í íbúðarhúsnæði eða eldra íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði skal krefjast bílastæðagjalds af þeim sem við eiga. Það skal einnig gert þegar sérhæfðu húsnæði, t.d.

lagerhúsnæði, þar sem undanþága hefur verið gerð skv. 4. grein, er breytt til annarar notkunar. Þegar breytt er um starfsemi í atvinnuhúsnæði, (t.d. iðnaði eða skrifstofum breytt í verslun) getur skipulagsráð ákveðið sérstaklega kröfur um fjölda bílastæða sbr. 1. grein.

#### **7. gr.**

Þegar byggt er við hús fyrir atvinnustarfsemi eða blandaða notkun skal líta svo á að öll þau bílastæði sem voru fyrir breytinguna á húsinu og á lóð þess tilheyri eldri hluta hússins. Séu þau fleiri en nemur 1 stæði fyrir hverja 50 fermetra eða kröfu skv. þágildandi deiliskipulagi þá mega þau umframstæði teljast með bílastæðum fyrir viðbygginguna. Krafa um fjölda bílastæða fyrir viðbygginguna fer eftir ákvæðum skipulags. Bílastæðagjald skal greiða fyrir þau stæði fyrir viðbygginguna sem ekki er hægt að koma fyrir innan lóðar.

Sé byggt við íbúðarhús greiðist ekki bílastæðagjald nema ný íbúð sé gerð eða íbúðum fjölgi. Þá skal gera bílastæði eins og skipulagsskilmálar viðkomandi hverfis kveða á um eða greiða bílastæðagjald ella.

#### **8. gr.**

Þegar hús er endurbyggt á sömu lóð skulu sömu bílastæðakröfur og voru áður gilda, nema ef breytingar sbr. 2. mgr. 7. gr verða samhliða. Þá skal miða bílastæðakröfu við þá málsgrein. Hafi lóð staðið auð í 5 ár eða lengur eftir niðurrif skal þó miða við þær reglur sem gilda um nýbyggingar og skipulagsskilmála.

#### **9. gr.**

Nú er fjöldi bifreiðastæða á lóð meiri en samþykkt þessi segir til um og er þá lóðarhafa heimilt að framselja afnotarétt af þeim bifreiðastæðum sem umfram eru til lóðarhafa á nærliggjandi lóðum með skriflegri yfirlýsingu sem þinglýst verður sem kvöð á hans lóð enda verði gönguleið frá bílastæðum að húsi notanda ekki meiri en 100 metrar.

#### **10. gr.**

Sé byggt í áföngum á lóð skal hver áfangi fyrir sig uppfylla skilyrði um bílastæðafjölda í samræmi við gildandi skipulagsskilmála, ella skal bílastæðagjald greitt fyrir þau stæði sem upp á vantar og komast ekki fyrir á lóð.

#### **11. gr.**

Bílastæðagjald fellur í gjalddaga við samþykkt byggingaráforma. Ef veittur er sérstakur frestur á greiðslu gjaldsins, sbr. 13. gr., skal gera um það skriflegan greiðslusamning.

#### **12. gr.**

Ef byggingarleyfi er afturkallað eða fellur úr gildi og byggingarleyfishafi óskar skriflega eftir niðurfellingu leyfisins, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu bílastæðagjaldi ásamt vöxtum (meðalvöxtum) tveimur mánuðum eftir samþykkt byggingarfulltrúa á niðurfellingu leyfisins.

#### **13. gr.**

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á bílastæðagjaldi samkvæmt sérstökum greiðslusamningi, sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

#### **14. gr.**

Akureyrarbæ er heimilt að taka leigu af almennum bifreiðastæðum, t.d. með stöðumælum eða öðrum leiguskiðmálum, þótt lóðarhafar hafi tekið þátt í kostnaði við gerð þeirra.

**15. gr.**

Bæjarráð sker úr ágreiningi er kann að rísa um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt samþykkt þessari.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Akureyrar með vísan til 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 13. desember 2016.

*Akureyri, 12. janúar 2017.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri skipulagssviðs

  


B-deild – Útgáfud.: xxxx